

101 andi, ef honum þykja þeir hafa borið hlut hans fyrir borð, að fylgja fram með lögum og
26. júní dómi rjetti þeim, er hann telur sjer beri.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

102 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um*
27. júní *varðstöðvar gegn fjárkláða 1877.* — Í brjefi frá 31. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sagt mjer álit yðar um umkvörtun sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu út af því, að jafnað hefir verið á sýsluna nokkrum hluta af kostnaði til Hvítárvarðar 1877 gegn fjárkláðanum. Þjer takið fram, að Húnvetningar hafi vorið 1877 óskað eptir Hvítárverði, ef heilbrigðisástandið í Borgarfjarðarsýslu virtist ískyggilegt, en þetta hafi einmitt átt sjer stað, og hafi Húnvetningar því síður skynsamlega ástæðu til þess nú að færast undan að greiða tiltölulegan hluta af hinum áminnzta kostnaði, sem þjer hafi tjáð sig fúsa til hluttöku í kostnaði við Hvítárvörð og Botnsvogavörð í sameiningu, en þessi kostnaður sje auðvitað talsvert meiri en kostnaður við Hvítárvörðinn einan. Loksins takið þjer fram, að þó 5. gr. tilsk. 4. marz 1871 gjöri ráð fyrir, að enginn fjárvörður verði settur, nema því að eins að fjáreigendur beiðist hans, hljóti amtmaður að ráða því, hvar eigi að setja vörðinn, til þess að viðkomandi hjerað fái sem mesta tryggingu gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og svo að eigi verði kostað óþarflega miklu af almennings fje til varðarins.

Samkvæmt því, er þjer þannig hafið tekið fram, finn jeg enga ástæðu til að breyta niðurlögun þeirri, er þjer hafið gjört á hinum umrædda kostnaði, og eruð þjer beðnir að tjá hlutaðeigöndum þetta.

103 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðgjörð*
3. júlí *Reykjavíkur dómkirkju.* — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 10. f. m. um erindi Halldórs yfirkennara Friðrikssonar, sem þar með var endursent, og lýtur að viðgjörð Reykjavíkur dómkirkju, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að eptir því sem þar er skýrt frá, sjezt ekki, að nokkur ástæða hafi verið til að hreifa þessu erindi, og að ráðgjafinn þess vegna finni alls ekkert tilefni til að skerast ítarlegar í þetta mál.

104 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubýgg-*
3. júlí *ingar.* — Í tilefni af bænarskrá frá prestinum að Hvammi í Norðurárdal og Mýrasýslu síra G. Þorvaldi Stefánssyni, sem þjer herra landshöfðingi hafið sent hingað með þóknanlegu brjefi, dags. 11. f. m. um, að veitt sje tjeðu prestakalli 600 kr. lán úr viðlagasjóði til að reisa timburkirkju í Hvammi, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að hið umbeðna er hjer með veitt, þannig að greiddir sjeu af lápinu 4 af hundraði í ársvexti, og lánið verði endurborgað á 20 árum samfleyttum með 30 kr. árlega.

105 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubýgg-*
3. júlí